

**Guðmundur Jóhannesson  
Fanney Ólöf Lárusdóttir  
og  
Helga Thoroddsen**

**Skýrsla um þátttöku  
Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands  
í  
*sauðfjársýningu,  
Rhinebeck, New York,  
Bandaríkjum Norður-Ameríku  
20.-21. október 2001.***



**Sauðfjársæðingastöð Suðurlands  
2001**

## Efnisyfirlit

Greinargerð vegna þátttöku Guðmundar Jóhannessonar og Fanneyjar Ólafar	
Lárusdóttur.....	3
Aðdragandi og undirbúningur.....	3
Ferðasaga.....	3
Miðvikudagur 17. október.....	3
Fimmtudagur 18. október.....	4
Föstudagur 19. október.....	4
Laugardagur 20. október.....	5
Sunnudagur 21. október.....	6
Mánudagur 23. október.....	7
Árangursmat.....	8
Persónuleg tengsl við ræktendur íslensks sauðfjár í N-Ameríku.....	8
Miðlun upplýsinga um ræktun og íslenska sauðfjárrækt.....	9
Vakin var meiri athygli á íslensku sauðfé en nokkru sinni fyrr.....	9
Íslenskt sauðfé var mælt og dæmt skv. íslenskum stöðlum í fyrsta skipti í N- Ameríku.....	9
Ísland fékk nokkra kynningu.....	9
Greinargerð vegna þátttöku Helgu Thoroddsen og Arnþrúðar Sæmundsdóttur.....	9
Aðdragandi og undirbúningur.....	9
Rhinebeck Sheep and Wool Show.....	10
Ullin í Ameríku.....	10
Samvinna milli landa.....	11
Lokaorð.....	11
Þakkarorð.....	11
Viðauki 1. Flokkaskipting í dómi og úrslit.....	12

*Forsíðumyndin er af íslensku sauðfé á beit á Jager Farm. (GJ)*

Guðmundur Jóhannesson og Fanney Ólöf Lárusdóttir

## Greinargerð vegna þátttöku Guðmundar Jóhannessonar og Fanneyjar Ólafar Lárusdóttur


### Aðdragandi og undirbúningur

Aðdraganda þess að Sauðfjársæðingastöð Suðurlands tók þátt í sauðfjársýningu í Rhinebeck í New York í október 2001 má rekja til þess að stöðin hefur um nokkurra ára skeið flutt út frosið hrútasæði til Bandaríkjanna. Samtök ræktenda íslensks sauðfjár (e. Icelandic Sheep Breeders of North America, skst. ISBONA) buðu Sauðfjársæðingastöðinni að taka þátt í sýningunni þar sem að þessu sinni hefði íslenska sauðkindin verið valin sem “Future Breed of The Show”. Sýning þessi er haldin ár hvert og er einhver stærsta sauðfjár- og ullarsýningin á austurströnd Bandaríkjanna. Benda má á heimasíðu sýningarinnar, [www.sheepandwool.com](http://www.sheepandwool.com).

Sauðfjársæðingastöðin þáði boðið og hafist var handa við undirbúning sem segja má að hafi staðið í eitt ár með nokkrum hléum. Undirbúningurinn verður ekki rakin í smáatriðum hér.

Fljótlega var ákveðið að bjóða handverkskonum þátttöku með aðilum frá Sauðfjársæðingastöðinni. Til þátttöku var boðið þeim Helgu Thoroddsen á Þingeyrum og Arnþrúði Sæmundsdóttur á Selfossi. Báðar hafa þessar konur áralanga reynslu af handverki og ullarvinnslu, tóku m.a. þátt í stofnun ullarvinnslunnar í Þingborg í Hraungerðishreppi, þar sem Arnþrúður starfar raunar enn.

Auk þessa hefur Helga mikla reynslu af þátttöku í sýningum í Bandaríkjunum, en þá aðallega hestasýningum. Af hálfu Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands fóru þau Fanney Ólöf Lárusdóttir á Kirkjubæjarklaustri, aðalsauðfjarræktarráðunautur Búnaðarsambands Suðurlands, og Guðmundur Jóhannesson á Selfossi, en hann hefur séð um erlend samskipti varðandi sæðisútflutning Sauðfjársæðingastöðvarinnar.



**Mynd 1** Veggspjald sýningarinnar en á því er hrúturinn Trítill frá Hunkubökkum í Skaftárhr.

### Ferðasaga

#### Miðvikudagur 17. október

Farið var utan seinni part dags og flogið til Logan flugvallar í Boston sem einmitt var í fréttum rúmlega mánuði fyrr vegna hörmulegra atburða. Þar tók á móti okkur Len Jakowski, eiginmaður Barböru L. Webb en hún er formaður ISBONA. Barbara hefur auk þess keypt sæði af Sauðfjársæðingastöðinni í nokkur ár. Len keyrði okkur rakiðis til heimilis þeirra hjóna sem er rétt norðan við borgina Northampton í Connecticut-dal í Massachusetts. Þetta var um tveggja klst. akstur og því fátt annað að gera eftir kvöldverð en að hvíla ferðalúin bein. Til þeirra voru þá þegar mætt þau Stefanía Sveinbjarnardóttir og Ray Dignum en eins og kunnugt er var það Stefanía sem flutti fyrst íslenskt fé til N-Ameríku árið 1985.



**Mynd 2** Jager Farm. (GJ)

### Fimmtudagur 18. október

Daginn eftir gafst færi á að skoða bú þeirra Barböru og Len. Barbara sér að mestu leyti um búíð en Len rekur lögfræðistofu í Northampton ásamt öðrum lögfræðingi. Þau keyptu jörðina, sem nefnist Jager Farm, fyrir nokkrum árum og byggðu þá íbúðarhús og gripahús. Þau hjónin eiga tvær dætur, Rachel og Elisabeth, og hafa þær mikinn áhuga á Íslandi og því sem íslenskt er, sérstaklega Rachel sem er eldri. Á búinu eru núna um 100 ær eða um 200 hausar ef talin eru með lömb og hrútar. Len hafði u.þ.b. hálfum mánuði fyrr farið vítt og breitt að afhenda lömb, ær og hrúta til kaupenda. M.a. hafði hann farið til Minnesota, S-Dakota og Colorado. Mjög margir seljendur fjár á fæti afhenda það heim að dyrum ef svo má að orði komast.



Mynd 3 Ærnar á Jager Farm heima við hlöðu/fjánhús. (GJ)

Eftir morgungjafir hófst svo undirbúningur Barböru fyrir sýninguna og aðstoðuðum við hana eftir föngum. Einnig nutum við stórkostlegar haustlitafjölbreytni skóganna sem Nýja-England er þekkt fyrir.

### Föstudagur 19. október

Lagt var af stað til Rhinebeck eftir morgunmat og morgungjafir. Við fórum í samfloti með þeim Stefaníu og Ray en þetta var rúmlega tveggja tíma akstur frá Jager Farm. Barbara tók með sér mikið af ull og söluvarningi ásamt fimm kindum sem átti að sýna og selja.



Mynd 4 New York fylki, Rhinebeck er merkt með rauðri stjörnu. (www.mapquest.com)

Er til Rhinebeck kom fundum við fljótlega út að mest af okkar varningi, sem hafði verið sendur á undan, hafði ekki borist á áfangastað. Var okkur tjáð að hann sæti fastur í tollinum á JFK flugvelli í New York. Annar þeirra sem við vorum búin að fá gistingu hjá meðan á sýningunni stæði var þá í þann mund að leggja af stað til New York að ná í kassana. Það var því ekkert að gera annað en bíða, aðstoða ISBONA félagi við uppsetningu á þeirra sýningarbásnum og skoða svæðið.

Sýningarsvæðið var nokkuð stórt og greinilega töluvert lagt undir af þátttakendum. Þarna mátti sjá sýnendur alls staðar frá í Bandaríkjunum og Kanada og þó við hefðum komið um langan veg var greinilegt að margir höfðu þurft að ferðast mun lengur en við til þess að ná á sýninguna. Þar má nefna einn ræktanda íslensks sauðfjár, Susan Mongold frá Montana, sem var þarna með heilmikið af ullarvörum og svo fé á fæti. Á svæðinu bar langmest á ullarvörum og handverki ýmiss konar og var meiri hluti þess tengdur sauðfé á einn eða annan hátt. Þá mátti sjá þarna fé á fæti sem og lamadýr. Sýnendur voru byrjaðir að snyrta og snurfusa féð fyrir “stóra daginn” daginn eftir. Tókum við einn þeirra, sem var að snyrta fé sitt, tali og spurðum hann úti tilganginn og hvernig féð væri dæmt. Hann sagði dómara að leggja mikið upp úr stærð, það yrði að vera reist og háfætt. Niðurstaða okkar var sú að þeir væru að reyna að breyta sauðkindinni í hross og við sannfærðumst enn betur um það er við sáum dómstörf þeirra daginn eftir og á sunnudeginum.

Eftir störf og rölt á svæðinu var haldið í matarboð til gestgjafa okkar á meðan á sýningunni stóð, þeirra Jimmy Londagin og Harry Kelley á True North Farm. Býlið er í Hudson-dal en þar rennur Hudson fljótið um og til sjávar. Þetta var um klukkustundar akstur í norður frá Rhinebeck gegnum skóglendi og var eins gott að

þeir félagar höfðu látið okkur hafa allnákvæma leiðarlýsingu en án hennar værum við þar sennilega enn. Harry var raunar ekki heima er við komum á staðinn þar sem hann var í New York ásamt systur sinni að sækja kassana okkar. Matarboð þetta var haldið fyrir alla félagi ISBONA og okkur, gestina frá Íslandi. Þarna hitti maður margt af því fólki sem ræktar íslenskt fé í Norður-Ameríku.



**Mynd 5** Fanney Ólöf við dóma. Susan Mongold horfir á. (GJ)

### **Laugardagur 20. október**

Við tókum daginn snemma og röltum um eftir morgunmat eða þar til við héldum á sýninguna. Er þar kom drifum við í að koma upp sýningarbásnum og okkar aðstöðu en kl. 9.30 hófum við dómstörf á íslenska fénu sem sýnt var þarna. ISBONA hafði fengið heimild til þess að íslenska féð væri dæmt eftir íslenska dómkvarðanum og því dæmdum við eins og venja er héraendis utan það að við gátum ekki ómmælt bakvöðvaþykktina.



**Mynd 6** Efstu mislitu gimbrannar. (G)

Störf okkar, mælingar og þukl, vöktu all nokkra athygli enda ákaflega frábrugðið því sem venja er þarna úti. ISBONA-félagar létu í ljósi mikla ánægju með störfin og töldu að þarna væri verið að meta féð eftir kjötgæðum og vaxtarlagi ólíkt því sem gert er í dómum hinna kynjanna. Dómstörf stóðu til um kl. 13.00. Flokkaskipting í dómi og úrslit eru í viðauka 1.

Eftir dómstörfin var kominn tími til að halda í básinn og þar vorum við til klukkan að verða sex en sýningarsvæðið lokaði kl. 17. Nokkuð var um gesti í básnum en þó minna en við höfðum vonast til.

Seinnipartinn var svo uppboð á þeim fénaði sem við höfðum dæmt um morguninn. Mikill áhugi var á ánum og lambgimbrunum og seldust þær allar á góðu verði. Minni



Mynd 7 Sýningarbás Sauðfjársæðingastöðvarinnar,

áhugi var hins vegar fyrir hrútunum, þeir seldust ekki allir og á mun lægra verði. Stefanía tjáði okkur að hún væri mjög ánægð með þessa niðurstöðu þar sem þetta þýddi að kynið væri enn í útbreiðslu. Þegar að útbreiðslan stöðvaðist færu menn að huga að því að bæta stofninn með því að kaupa kynbótahrúta háu verði. Það væri vel þekkt hjá öðrum kynjum. Þá var komið að kvöldverði og að honum loknum aðalfundi ISBONA en hvoru tveggja var á efri hæð aðalbyggingar sýningarsvæðisins. Mjög góð mæting var á fundinn en um 70 manns mættu á hann. Helga

gerði grein fyrir dómum á ull sem að hún og Arnþrúður höfðu framkvæmt þá um morguninn, sjá nánar í greinargerð Helgu og Arnþrúðar. Guðmundur hélt erindi um sauðfjarrækt á Íslandi, framkvæmd ræktunarstarfsins, skýrsluhald, afkvæmasýningar og dómstörf. Eftir erindin urðu heilmiklar umræður og mikið spurt en áhugi þessa fólks virðist takmarkalaus. Var það samdóma álit okkar að mjög vel hefði tekist til og fundurinn hinn besti.

Við gistum svo eins og nóttina áður á True North Farm en meðal gesta þar var einnig Martin R. Dally frá Kaliforníu en hann sæðir einmitt fyrir alla þá sem hafa keypt sæði af Sauðfjársæðingastöðinni. Við ræddum töluvert við Martin og m.a. sagði hann að sæðið frá okkur væri sérlega gott og auðvelt í notkun. Það væri greinilega fagmannlega staðið að meðhöndlun þess og frystingu.

### Sunnudagur 21. október

Fyrir sýningu sem hófst kl. 9.00 var ISBONA félögum boðið í skoðunarferð um True North Farm en þar fer fram mjólkurframleiðsla með íslensku sauðfé. Jimmie var leiðsögumaður okkar um búíð og sagði hann að þeir Harry hefðu lengi velt fyrir sér hvaða kyn þeir ættu að velja til þess að hefja



Mynd 8 Fjárhúsin á True North Farm. (GJ)

sauðamjólkurframleiðslu. Eftir heimildaöflun, heimsóknir á bú og viðtöl við bændur hefði íslenska sauðkindin orðið fyrir valinu. Jimmie kvað hana vera júgurhrausta, auðvelda í hirðingu, hún gerði mun minni kröfur til fóðurgæða en önnur kyn, væri harðgerðari og auðtamdari (greindari). Þeir væru mjög ánægðir með frammistöðu kynsins og fengju gríðarhátt verð fyrir mjólkina eða um 160 ísl. kr. á lítra.

Því miður voru þeir nýlega búnir að gelda ærnar, eða fyrir um ½ mánuði, og því fengum við ekki að sjá mjaltir. Hins vegar skoðuðum við aðstöðuna, mjaltabásinn og fjárhúsin eða hlöðuna.



Mynd 9 Mjaltabásinn á True North Farm. (GJ)



Mynd 10 F.v. Guðmundur. (

Að lokinni skoðunarferðinni var haldið á sýninguna. Við stóðum vaktina í básnum, dreifðum kynningarefni eftir föngum og svöruðum spurningum. Í básnum vorum við með myndband sem inniheldur myndbrot af íslenskum landbúnaði og vakti það verðskuldaða athygli. Þennan daginn var töluvert meiri umferð um básinn og greinilegt að íslenska sauðkindin vekur athygli og forvitni fólks þarna vestra. Sérstaklega þykir litafjölbreytnin athyglisverð.

Að lokinni sýningu var hafist handa við að taka niður básana og pakka. Við pökkuðum öllu okkar dóti á pallbifreið Barböru og síðan var haldið heim á Jager Farm. Þangað komum við seint um kvöldið og tók Len höfðinglega á móti okkur en hann hafði farið heim kvöldið áður.

### Mánudagur 23. október


Eftir morgunverð var haldið til morgungjafa og síðan notuðum við tímann til þess að kenna Barböru að meta fé á fæti með því að þukla það. Við skoðuðum allnokkra hrúta hjá henni og voru þeir misjafnir að gerð. Greinilegt var á þeim, eins og öðru fé sem við sáum, hve miklu betri gerð er á fé tilkomnu með sæðingum. Árangurinn er með ólíkindum mikill. Við fórum gegnum hrútastofninn og vorum sammála um að Barbara ætti að grisja hann verulega, losa sig við eldri hrútana og endurnýja hrútastofninn ört.

Að þessu loknu gafst færi á að keyra aðeins um nágrennið, Northampton og þorpið Williamsburg. Eins og áður sagði skörtuðu skógarnir sínu fegursta, haustlitadýrðin einstök.

Að loknum kvöldverði með fjölskyldunni á Jager Farm var kominn tími til að kveðja og síðan ók Len okkur út á Logan flugvöll í Boston. Þar með lauk skemmtilegri ferð



okkar til Bandaríkjanna þar sem móttökur voru allar hinar bestu og má svo sannarlega segja að manni leið eins og heima hjá sér.



## Árangursmat

Að okkar mati var ferðin ákaflega árangursrík þó þess sé ekki að vænta að hann komi allur í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Telja má nokkra þætti sem allir eiga eftir að skila árangri á einn eða annan hátt:

- Sköpuð voru persónuleg tengsl við ræktendur íslensks sauðfjár í N-Ameríku
- Upplýsingum um ræktunarstarfið og íslenska sauðfjarrækt var miðlað
- Vakin var meiri athygli á íslensku sauðfé en nokkru sinni fyrr
- Íslenskt sauðfé var mælt og dæmt skv. íslenskum stöðlum í fyrsta skipti í N-Ameríku
- Ísland fékk nokkra kynningu

## Persónuleg tengsl við ræktendur íslensks sauðfjár í N-Ameríku

Það er alkunna hve persónuleg tengsl vega þungt í samskiptum fólks og á það ekki síður við um viðskipti en annað. Í Rhinebeck hittum við fjölda fólks sem er með íslenskt sauðfé og komum á persónulegum samböndum við allnokkra. Það á án efa eftir að skila okkur auknu vægi meðal þessa fólks, ekki einungis í sambandi við sölu á



sæði heldur og einnig sem fagaðila sem leita má til með ráðgjöf varðandi féð. Greinilegt er að þekkingu á fôðrun og meðferð er í mörgum tilvikum ábótavant.

### **Miðlun upplýsinga um ræktun og íslenska sauðfjarrækt**

Í Rhinebeck héldum við erindi um íslenska sauðfjarrækt og skipulag hennar. Þetta vakti mikla athygli og var mál manna að faglega væri staðið að hlutum hérlendis. Þetta höfum við einnig fengið staðfest frá öðrum erlendum aðilum sem heimsótt hafa Ísland og hefur þótt mikið til koma. Að okkar mati tókst okkur að sýna að við stöndum faglega að ræktun og vali hrúta á sæðingastöðvarnar og þar með að við erum að bjóða góða vöru á sanngjörnu verði. Slíkt er mikilvægt, ekki síst er fram í sækir.

### **Vakin var meiri athygli á íslensku sauðfé en nokkru sinni fyrr**

Íslenska sauðkindin var valin sem “future breed of the show”. Það vakti mikla athygli á kyninu og í raun mjög athyglisvert að hún skildi verða fyrir valinu. Þátttaka okkar vakti einnig athygli og sú staðreynd að við skildum koma alla leið frá Íslandi sýndi hve miklu við látum okkur starf þessa fólks skipta. Það eitt og sér var geysimikil viðurkenning í augum þessa fólks sem var afar þakklátt fyrir.

### **Íslenskt sauðfé var mælt og dæmt skv. íslenskum stöðlum í fyrsta skipti í N-Ameríku**

Dómstörfin vöktu mikla athygli og þótti öllum sem komu að máli við okkur vel að verki staðið eða eins og fólk sagði: “Þið eruð í raun og veru að meta kjötgæði og ull en ekki bara horfa á kindina eins dómara hinna kynjanna gera of mikið af”. Þetta fengum við einnig á tilfinninguna við að horfa á aðra dómara að störfum án þess að við ætlum að gagnrýna þá hér. Hins vegar sýndi þetta mönnum að við leggjum mikla vinnu í að bæta íslenska féð og það á örugglega eftir að berast manna á milli.

### **Ísland fékk nokkra kynningu**

Í sýningarbásnum sýndum við myndband um íslenskan landbúnað með fallegum myndum sem sýndi náttúrulegan og hreinan en um leið tæknivæddan og framsækinn landbúnað. Mikið var um að fólk staldraði við og horfði og spyrði hvaðan þetta væri. Það kemur Íslandi á kortið í hugum þessa fólks og gæti hæglega orðið ferðabjónustunni til góða.

Það kom greinilega fram að við höfum yfir mikilli þekkingu að búa sem hægt er að miðla áfram til fólks í N-Ameríku og skapa með því atvinnu og fjármuni. Þar má nefna að standa má að þýðingu og útgáfu fræðsluefnis (bóka og bæklinga), ferðum til Íslands, námskeiðahaldi, ráðstefnum að ógleymdri sæðissölu og sölu á lífdýrum og hráefni. Þarna er lítt plægður akur sem vinna þarf betur.

*Helga Thoroddsen*

## **Greinargerð vegna þátttöku Helgu Thoroddsen og Arnþrúðar Sæmundsdóttur**

### **Aðdragandi og undirbúningur**

Markmiðið var að kynna íslensku ullina og handverk tengt henni hér á Íslandi. Safnað var ýmsum upplýsingum og munum ýmist til kynningar og/eða sölu á sýningunni.

Hluti af því sem farið var með tengdist hefðbundinni “gamaldags” ullarvinnslu og var tilgangurinn fyrst og fremst að kynna lítillaga gamla tímann í ullarvinnslu hér á landi. Síðan var safnað munum og vörum frá Þingborgarhópnum, Ullarselinu, Ístex og ýmsum einstaklingum sem eru að vinna handverk úr íslenskri ull og öðrum hráefnum sem falla til af sauðkindinni s.s. horn og bein. Við undirbúninginn var lögð áhersla á að safna munum sem gætu gefið sem breiðasta mynd af því hvernig ullin hefur verið og er notuð hér á landi. Undirrituð var við þennan undirbúning í sambandi við Barböru Webb sem tók á móti íslenska hópnum og undirbjó þáttöku hans í sýningunni. Það komu fram ýmsar óskir frá henni og ISBONA samtökunum varðandi okkar hlut í sýningunni og var reynt að taka tillit til þess við undirbúninginn.

### **Rhinebeck Sheep and Wool Show**

Íslenska sauðkindin var sérstakur gestur sýningarinnar og hafði þar af leiðandi sérstakt hús á sýningarsvæðinu út af fyrir sig og þar fékk líka handverks og ullar þátturinn sérstaka aðstöðu. Aðstaðan var fremur “hrá” og aðstæður frumstæðar að mörgu leyti a.m.k. miðað við það á hvaða stigi þessi mál eru hér heima. Vörurnar frá Íslandi vöktu mikla athygli og nóg var að gera við að tala við gesti sýningarinnar og aðra þáttakendur og greinilega mikill áhugi fyrir ullinni og úrvinnslu hennar. Það sem var einkennandi fyrir þær vörur sem við komum með var, mun fágaðri úrvinnsla, mjög gott hráefni og fjölbreyttari hugmyndir t.d. í fullvinnslu hráefnisins. Af þessu má draga þá ályktun að við höfum ýmislegt fram að færa á þessu sviði sem gæti nýst vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í hönnun og handverki úr íslensku ullinni í Bandaríkjunum. Námskeið, kennsla og “ullarheimsóknir” til Íslands er því eitthvað sem við ættum að þróa áfram og nú þegar hefur komið til mín fyrirspurn um samstarf við bæði Þingborgarhópinn og Ullarselið. Einnig hefur í framhaldi af heimsókninni komið fyrirspurn varðandi útflutning og sölu á vörum þessara fyrirtækja.



### **Ullin í Ameríku**

Á sýningunni var samkeppni um bestu ullina og vorum við beðnar um að vera dómarar og velja bestu reyfin til handvinnslu. Hvert reyfi fékk umsögn og flokkun og að því loknu var opnað fyrir sölu á þeim til handverksfólks. Alls voru dæmd 53 reyfi og fengu dómarar tvær klukkustundir til að ljúka starfinu. Ullin var ágæt en mikið af henni hefðum við aldrei viðurkennt hér á landi sem handverksull þannig að greinilega er þörf á aukinni fræðslu varðandi ullargæði, flokkun og mat á íslenskri ull. Það væri mjög til bóta að halda námskeið í Bandaríkjunum þar sem farið væri yfir þætti í ullarmatinu og einnig að gera aðgengilegar upplýsingar sem til eru hér á landi og gætu nýst í þessum efnum. Þar má benda á mjög einfaldar og ódýrar leiðir s.s. að fjölfalda myndbönd, - sem til eru hér á landi um rúning og ullarhirðu, - yfir á bandaríska kerfið

og bjóða til sölu. Einnig væri gott að þýða og prenta á ensku bæklinginn góða – “ÍSLENSK ULL”.

Sauðféð er mikið til alið upp við mun þrengri landfræðileg skilyrði en við eigum að venjast hér á landi og fôðrun á þurrhevi greinilega algeng og mikið af heymori í ullinni. Einnig fannst okkur ullin þurrari, upplituð og stökk af sól og ekki mjög þelmikil en mýkri en við eigum að venjast og togið fingerðara. Þetta eru óvísindalegar ályktanir, dregnar í fljótheitum af þeirri reynslu sem við urðum fyrir í ferðinni.

### **Samvinna milli landa**

Að beiðni ISBONA fór fram örstutt kynning á aðdraganda, stofnun og fyrirkomulagi Þingborgarhópsins. Áhugi er fyrir því að kynna sér þetta betur og hefur Barbara Webb haft samband við okkur varðandi heimsókn næsta haust og ræddar hafa verið hugmyndir um að stofna til samstarfs milli landanna og skiptast á upplýsingum. Einnig eru á lofti hugmyndir um að stofna til hópferðar “ullarkvenna” til Rhinebeck að ári og vera þar þátttakendur í sýningunni – en allt er þetta á umræðustigi.

Þeir sem eru með íslensku sauðkindurnar í Bandaríkjunum eru fyrst og fremst að rækta svokallað “rare breed” eða sjaldgæft kyn og eru markmiðin að framleiða handverksull, gæðakjöt, mjólk, osta og síðast en ekki síst gærurnar sem eru verðmesta afurðin að þeirra sögn.

### **Lokaorð**

Við þökkum fyrir að hafa fengið tækifæri til að fara þessa ferð sem var í senn skemmtileg og fróðleg. Á því er ekki nokkur vafi að hér á landi búum við yfir mikill þekkingu varðandi sauðfjárhald og ullarvinnslu sem þörf er fyrir í Bandaríkjunum. Þessi ferð var byrjunin á frekara samstarfi sem mikilvægt er að móta og vinna markvisst að. Það var mjög ánægjulegt að finna að við höfum ýmisleg fram að færa og það að hafa verið þátttakandi í þetta sinn veitir ákveðinn grunn til að byggja á í framtíðinni. Nú þegar er kominn ákveðinn reynslubanki sem mikilvægt er að nota svo hægt verði að gera hlutina enn betur í framtíðinni.

### **Þakkarorð**

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands þakkar Framleiðnisjóði landbúnaðarins fjárhagslegan stuðning við ferðina sem í raun gerði hana mögulega og Útflutningsráði Íslands faglega ráðgjöf og lán á veggmyndum. Enn fremur fær Áskell Þórisson bestu þakkir fyrir aðstoð við vinnslu bæklinga. Einnig kunnum við gestgjöfum okkar í Bandaríkjunum, Barböru L. Webb og fjölskyldu og Jimmie Londagin og Harry Kelley, bestu þakkir fyrir gestrisnina og alla aðstoðina.

Þá þakka höfundar skýrslunnar fyrir það tækifæri að fara í þessa ferð sem var ákaflega lærdómsrík og um leið skemmtileg.

## Viðauki 1. Flokkaskipting í dómi og úrslit

Féð var dæmt í 10 sýningarflokkum:

1. Mislitar gimbrar
2. Mislitar ær
3. Hvítar gimbrar
4. Hvítar ær
5. Mislitir lambhrútar
6. Mislitir hrútar, veturgamlir
7. Mislitir hrútar, 2ja vetra og eldri
8. Hvítir lambhrútar
9. Hvítir hrútar, veturgamlir
10. Hvítir hrútar, 2ja vetra og eldri (*enginn mætti*)

Hyrnt og kollótt fé var dæmt jöfnum höndum í hverjum sýningarflokki.

Þá voru valdir 4 stórmeistarar og 4 meistarar í eftirtöldum flokkum:

- Mislitum ám og gimbrum
- Hvítum ám og gimbrum
- Mislitum hrútum
- Hvítum hrútum

### Dómarar:

Guðmundur Jóhannesson og Fanney Ólöf Lárusdóttir, Sauðfjársæðingastöð Suðurlands.

### Mislitar gimbrar:

1. 61 Tongue River Farm SRX813L, 83.5 stig
2. 58 Frelsi Farm Icelandics/ FFC154L mógolsuflekkótt, kollótt, 81.5 stig
3. 51 Jager Farm/BLW384L kollótt, Ff: Peli 94810
4. 63 True North Farm TNY107L svört, 78.5 stig
5. 47 Tamarack Farm /JA5L mógolsótt, kollótt, 79.0 stig
6. 64 True North Farm /TNY220L grámórauð, 77.5 stig
7. 46 Tamarack Farm /JA12J mórauð, kollótt, 77.5 stig

### Mislitar ær:

1. 60 Tongue River Farm SRX688K, 81.5 stig
2. 44 Priscillamas Wool Farm Pam24K svört, kollótt, 81.0 stig
3. 53 Frelsi Farm Icelandics / FFC117K mógolsuflekkótt, kollótt, 80.0 stig
4. 41 Solidago Farm- DRK101K mógolsótt, 80.0 stig
5. 54 Frelsi Farm Icelandics/ FFC134K svartflekkótt, kollótt, 79.5 stig
6. 45 Priscillamas Wool Farm PAM56K móbotnótt, kollótt, 79.5 stig
7. 42 Solidago Farm DRK89K svartgolsuflekkótt, 79.0 stig
8. 59 Tongue River Farm SRX514K-AI, F: Biskup 96822, 78.0 stig

### Meistarar - mislitar ær og gimbrar:

**Stórmeistari** - Gimbur #61 Tongue River Farm SRX813L, 83.5 stig

**Meistari** - Á #60 Tongue River Farm SRX688K

---

**Hvítar gimbrar:**

1. 57 Frelsi Farm Icelandics/ FFC221L, F: Sveppur 94807, 80.5 stig (9,0 f. ull)
2. 56 Frelsi Farm Icelandics/ FFC186L, F: Moli 93986, 80.5 stig
3. 62 Tongue River Farm/ SRX848L, hyrnd, 80.5 stig
4. 50 Jager Farm/ BLW383L, hyrnd

**Hvítar ær:**

1. 43 Priscillamas Wool Farm PAM17K hvít, hyrnd, 80 stig
2. 49 Jager Farm/BLW100K hvít, hyrnd, Ff: Þéttir 91931
3. 55 Frelsi Farm Icelandics/ FFC136K, 78.5 stig

**Meistarar - hvítar ær og gimbrar:**

**Stórmeistari:** Gimbur #57 Frelsi Farm Icelandics, 80.5 stig

**Meistari:** Á #43 Priscillamas Wool Farm, 80.0 stig

---

**Mislitir lambhrútar:**

1. 85 Tamarack Farm JA8L, svartur, hyrndur, 80.0 stig
2. 92 Frelsi Farm Icelandics/ FFC175L, hvítur, hyrndur, 78.5 stig
3. 98 True North Farm/ TNY176L grámórauður, hyrndur, 78.5 stig
4. 100 True North Farm/ TNY110L svartur, hyrndur, 78.5 stig

**Mislitir hrútar, veturgamlir:**

1. 96 True North Farm /TNY57K svartbotnóttur, 80.0 stig
2. 95 True North Farm /TNY90K mórauður, hyrndur, 78.5 stig
3. 84 Tamarack Farm /JA1K mórauður, kollóttur, 77.5 stig

**Mislitir hrútar, 2ja vetra og eldri:**

1. 83 Tamarack Farm /JA3J grámórauður, kollóttur, 79.5 stig
2. 82 Priscillamas Wool Farm PAM107H svartur, hyrndur, 79.5 stig
3. 90 Frelsi Farm Icelandics/ FFC24H svartfleckóttur, kollóttur, 78.5 stig
4. 89 Frelsi Farm Icelandics/ FFC49J grár (arfhreinn), 77.5 stig

**Meistarar - mislitir hrútar:**

**Stórmeistari:** Lambhrútur #85 Tamarack Farm /JA8L svartur, hyrndur, 80.0 stig

**Meistari:** Veturgamall #96 True North Farm TNY57K svartbotnóttur, 80.0 stig

---

**Hvítir lambhrútar:**

1. 93 Tongue River Farm SRX772L-AI, F: Eir 96-840, hvítur, kollóttur 82.5 stig
2. 88 Jager Farm/ BLW187L hvítur, kollóttur
3. 91 Frelsi Farm Icelandics/ FFC224L, 80.0 stig
4. 99 True North Farm /TNY124K

**Hvítir hrútar, veturgamlir:**

1. 94 Tongue River Farm SRX510K-AI, F: Þéttir 91-931, hvítur, kollóttur, 83.5 stig
2. 97 True North Farm /TNY41K hvítur, hyrndur, 81.5 stig
3. 87 Jager Farm/ BLW132K hvítur, hyrndur

**Meistarar - hvítir hrútar:**

**Stórmeistari:** Veturgamall #94 Tongue River Farm SRX510K-AI, 83.5 stig

**Meistari:** Lambhrútur #93 Tongue River Farm SRX772L-AI, 82.5 stig



Hæst dæmði veturgamli hvíti hrútur á sýningunni og raunar hæst dæmða íslenska kindin í Norður-Ameríku enn sem komið er, SRX510K-AI, Þéttisson 91-931, frá Tongue River Farm í Montana, eigandi Susan Mongold.